



Erindi

Umsókn um leyfi fyrir rekstri á stöðvalausri deilileigu
fyrir rafskútur í Mosfellsbæ

Tengiliðir

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir

CEO - Hopp Reykjavík ehf

saeunn@hopp.bike

Sími 8228225

Efni

Efni þessa erindis er að veitt sé leyfi fyrir opnun og rekstri á stöðvalausri deilileigu fyrir rafskútur í Mosfellsbæ. Þjónustan væri rekin af Hopp Reykjavík ehf (kt. 610519-0160) sem hefur verið starfandi síðan haustið 2019. Árið 2021 stækkaði Hopp Reykjavík þjónustusvæðið til að ná yfir Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Önnur stækkun átti sér stað árið 2022 þegar opnað var í Árbæ, Breiðholti, Grafarvogi og Grafarholti.

Hopp Reykjavík er rekið sem sérleyfi (e. franchise) undir Hopp ehf sem rekur yfir 30 sérleyfi í átta löndum.

Viðskiptalíkan Hopp setur heimamenn í fyrsta sæti með því að verðleggja þjónustuna til að vera samkeppnishæfa öðrum almenningssamgöngum. 10 mínútna ferð á Hopp skútu kostar notanda 430 kr. Hjá Hopp eru níu af hverjum tíu notendum heimamenn.

Í sértækum hugbúnaði sem Hopp hefur hannað er hægt að fylgjast ítarlega með rekstrinum. Þar er meðal annars hægt að sjá hitakort yfir framboð og eftirspurn, útbúa svæði þar sem ekki er hægt að leggja rafskútum og einnig hægt að útfæra svæði sem setur hraðatakmörkun á skúturnar. Hopp getur sett upp takmarkanir á notkun skútanna í samstarfi við sveitarfélagið.

Við höfum fundið fyrir mjög miklum áhuga frá íbúum Mosfellsbæjar og fengið gríðarlega mikið af eftirspurnum frá íbúum um hvort við getum opnað í Mosfellsbæ.

Framkvæmd

Hopp Reykjavík er eigandi rafskútanna og verður tengiliður Mosfellsbæjar á svæðinu, en starfsemin er rekin með hugbúnaði og sérfræðiaðstoð frá Hopp ehf. Forsvarsmaður Hopp Reykjavíkur er Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir.

Stefnt er að í Mosfellsbæ verða um 100 rafskútur að öllu jöfnu. Flæði farartækjum á milli nærliggjandi sveitarfélaga og hverfa er eðlilegur hluti af rekstri og getur fjöldi hjóla sveiflast.

Eftir að opnað hefur verið í Mosfellsbæ og rafskúturnar komnar í notkun mun sjálfvirkur hugbúnaður sýna ítarlega hvar eftirspurn er mest fyrir þjónustunni. Hopp Reykjavík mun nýta þau gögn til að tryggja að ekkert svæði sé með of margar eða of fáar skútur. Þetta veitir góða og áreiðanlega þjónustu án þess að skúturnar valdi óþægindum fyrir umferð og bæjarbúa.

Hopp leggur mikla áherslu á gott samstarf við sveitarfélög, lögreglu og aðra hagsmunaaðila á starfsvæðum sínum. Opinberir aðilar hafa beinan aðgang að

forsvarsmanni rekstrarleyfis eða fulltrúa hans og bregðumst við hratt og örugglega við öllum ábendingum. Einnig hvetjum við sveitarfélög til að koma á reglulegum fundum til að ræða öryggismál, aðgengismál, hugmyndir og aðrar ábendingar.

Ávinningur

Ávinningar þess að bjóða upp á deilileigu af rafskútum fyrir sveitarfélög og íbúa þeirra eru margvíslegir. Skúturnar eru t.d. góð lausn á vandamáli í almenningssamgöngum sem kallast “the last mile problem”. Vandamálið lýsir sér þannig að samgöngur eins og strætó og lestir eru skilvirkar í að koma fólki frá punkti A yfir á punkt B, en hvernig fólk ferðast til og frá þessum punktum er flóknara. Rafskútur eru góð lausn á þessu vandamáli. Einnig eru þau tilvalin í flestar ferðir einstaklinga í smærri bæjarfélögum, sérstaklega þar sem ferðabjónusta spilar stórt hlutverk.

Gögn sýna að um 40% allra bílferða eru einungis um þrjár mínútur að lengd. Þetta eru þær ferðir sem þjónustan getur auðveldlega skipt út og minnkað þar með útblástur sem og þörfina á einkabílum.

Starfsemi Hopp skilar beinum ávinningi í formi samdráttar á útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Losun Hopp rafskútna er um 25-35 grömm koltvísýrings á hvern farþegakílómetra, en um 140 grömm hjá fólksbíl.

Hopp hefur þar að auki undirritað samning við Kolvið um gróðursetningu trjáa sem samsvara allri losun Hopp rafskúta um allan heim, þannig að nettó losun þeirra er engin. Því er mikill ávinningur í að skipta út styttri bílferðum einstaklinga fyrir rafskútur.

Það er ósk okkar að Hopp Reykjavík og Mosfellsbær geri sér samstarfsyfirlýsingu sín á milli um rekstur og þróun á deilihagkerfi á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri Hopp Reykjavík

Meðfylgjandi: Drög að samstarfsyfirlýsingu milli Mosfellsbæjar og Hopp